

Áfangaskýrsla um þróunarverkefnið

byrjendalæsi

Markmið þróunarverkefnis

Tilgangur verkefnisins er að efla fjölbreytileg vinnubrögð í byrjendanámi í lestri og ritun. Meginmarkmið er að bæta skipulag lestrarkennslunnar og móta kennslufyrirkomulag sem mætir þörfum allra nemenda. Þetta er gert til að fyrirbyggja að nemendum mistakist lestrarnámið.

Stefnt er að því:

1. að skapa sameiginlega sýn kennara yngri bekkja í Flataskóla með því að:

- miðla þekkingu um nýjustu rannsóknir um árangursríka lestrarkennslu
- miðla þekkingu um þróun læsis
- miðla þekkingu um það hvernig nýta megi bakgrunnsupplýsingar um nemendur
- móta greiningaraðferðir, þ.e. hvernig meta beri forkunnáttu og framfarir einstakra nemenda

2. að setja upp kennsluáætlaður sem stuðla að:

- einstaklingsmiðaðri lestrarkennslu í litlum námshópum. Hópar taka mið af námsþörfum einstaklinga hverju sinni og eru breytilegar frá einu tímabili til annars eftir því hvernig náminu vindur fram.
- sjálfstæðari og fjölbreytilegri verkefnavinnu nemenda þegar þeir eru ekki í smærri hópunum

3. að styðja foreldra í að vera virkir þátttakendur í námi barna sinn

Vinna verkefnisstjóra og ráðgjafa verkefnisins

Eftir að ljóst varð að styrkur fengist til verkefnisins unnu verkefnisstjórar að því að finna lesefni, auk þess sem þeir unnu upp leshefti á íslensku um lestur fyrir umsjónarkennara. Verkefnisstjórar unnu einnig foreldrabækling, yfirlitsblað um þróun læsis og matsblöð um lestrarþróun fyrir nemendur. Foreldrabæklingi var dreift á foreldrafundi sem verkefnisstjórar stóðu að í september 2008. Allt efnið sem verkefnisstjórar unnu áður en verkefnishópur tók formlega til starfa var unnið til að koma verkefninu fyrr af stað og verður til endurskoðunar meðan þróunarstarfið stendur. Leitað var til Steinunnar Torfadóttur, lektors í sérkennslufræðum sem tók að sér faglega leiðsögn í verkefninu. Hún hélt námskeið ásamt Helgu Sigurmundsdóttur sérkennara í Háteigsskóla fyrir verkefnishópinn. Námskeiðið fór fram í Flataskóla í ágúst og september 2008. Námskeiðið náði til þátta sem varða þróun læsis, mats á lestrargetu nemenda og skipulags kennslunnar. Í janúar 2009 mun Steinunn væntanlega eiga fund með verkefnishópi þar sem farið verður yfir hagnýt atriði í lestrarkennslu.

Þegar kom að því að skipuleggja lestrarnám barnanna var ákveðið að verkefnisstjórar deildu þannig með sér verkum að Guðlaug sæi um kennslu og samskipti við umsjónarkennara í 1. bekk og Sigurlaug annaðist kennslu og samstarf við umsjónarkennara í 2. bekk.

Vinnan í 1. bekk

Í 1. bekk eru tvær bekkjardeildir. Strax að hausti var þeim upplýsingum safnað saman sem voru til staðar um nemendur. Niðurstöður Hljóm lágu fyrir frá leikskólum. Niðurstöður skimunarprófs talmeinafræðings sem lagt var fyrir á leikskóla. Upplýsingar frá foreldrum (m.a. varðandi lestur og áhuga á lestri), niðurstöður Tove Krogh prófs sem lagt var fyrir í september og sérkennari kannaði stöðu nemenda varðandi lestur strax að hausti. Þessum upplýsingum var öllum safnað saman og nemendum skipt í 3 færnimiðaða hópa út frá þessum niðurstöðum. Í fyrsta hópnum voru börn sem voru vel stödd í hljóðkerfisvitund og komin vel af stað með lestur. Í öðrum hópnum voru börn sem voru á réttu róli í hljóðkerfisvitund og þekktu marga stafi, en voru varla farin að tengja. Í þriðja hópnum voru börn sem mældust með slaka hljóðkerfisvitund og þekktu fáa stafi. Sérkennari og báðir bekkjarkennarar vinna með læsi 6 stundir á viku, 2 stundir í senn. Vísað er í markmið verkefnisins hér að ofan, lið 2 um kennsluáðstæður.

Vinnan í 2. bekk

Nemendur í 2. bekk eru í tveimur bekkjardeildum. Þróunarstarfið hefur falist í því að umsjónarkennarar og sérkennari vinna með nemendahópnum 6 kennslustundir á viku eða þrisvar sinnum tvær kennslustundir í senn. Sérkennari prófaði allan nemendahópinn í september og út frá þeim niðurstöðum og öðrum upplýsingum sem til voru um nemendur skiptust nemendur í sex vinnuhópa eftir lestrarfærni. Hver kennari hefur tvo umsjónarhópa og í kennslustundunum vinna þeir annars vegar á sjálfstæðum verkefnastöðvum og hins vegar í kennarastýrðum verkefnum í litlu námshópnum. Í litlu nemendahópnum hefur verið lögð áhersla á að kenna nemendum vinnubrögð sem nýtast þeim í sjálfstæðri verkefnavinnu auk beinnar lestrarþjálfunar.

Framhald á vorönn

Á vorönn verður haldið áfram á þeirri braut sem lýst hefur verið hér að framan. Haldið verður áfram með þá þætti sem hafa gefist vel og aðrir þættir endurskoðaðir. Í haust voru útbúnar möppur með lesefni fyrir bekkjarkennara. Í möppurnar munum við safna saman þeim verkefnum sem hafa gefist vel og lýsingum á svæðavinnu. Þetta ætti að nýtast vel fyrir þá sem kenna fyrstu bekkjum næstu ár. Mikilvægt er að ekki tapist niður það sem unnið hefur verið. Í janúar munum við meta börnin og endurskoða hópskiptingar.

Garðabæ, 5. janúar 2009

Guðlaug Einarsdóttir og Sigurlaug Jónsdóttir
sérkennarar í Flataskóla